

Reykjavík 7. september 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Minnisblað frá Heiðari Guðjónssyni

### Framtíðarskipan íslensks fjármálakerfis

Grunnur hins íslenska fjármálakerfis liggur í aðkomu ríkisins að kerfinu. Ríkið hefur gefið út yfirlýsingu um innistæðutryggingar og er mikilvægasti bakhjarl fjármálakerfisins í gegnum Seðlabankann, sem hefur skilgreint sig sem lánveitanda til þrautarvara. Ríkið hefur síðan byggt upp mikið eftirlit með kerfinu því hættur sem í því felast eru gríðarlegar, líkt og bankahrunið bar glöggt vitni um.

#### 1. Seðlabanki Ísland getur ekki verið lánveitandi til þrautarvara

Í opnu hagkerfi, sem hlýtur að vera takmark stjórnvalda að hafa á Íslandi, getur seðlabanki sem byggir á örmynt ekki sinnt hlutverki lánveitanda til þrautarvara. Fyrir hrun notuðu íslenskir bankar erlenda seðlabanka til að fjármagna eignir sínar, því þeir fengu ekki aðgang að alþjóðlegum gjaldmiðlum í gegnum Seðlabanka Íslands. Íslenskir bankar settu eignir sínar sem veðandlag (REPO) í seðlabanka Englands og Evrópu án nokkurra vandkvæða, svo lengi sem eignirnar uppfylltu skilyrði viðkomandi banka um lánshæfi. Bankarnir gátu því starfað alþjóðlega, í gegnum miklar þrengingar, án aðkomu íslensks seðlabanka.

Seðlabankar prenta ekki peninga nema á kostnað almennings. Þannig er almenningur alltaf hin eiginlegi lánveitandi til þrautarvara. Það er hlutverk sem almenningur vill ekki taka að sér og getur ekki borið ábyrgð á.

Seðlabanki Íslands á ekki að vera lánveitandi til þrautarvara, bæði vegna þess að hann veldur ekki hlutverkinu, nema í lokuðu hagkerfi, og áhættan sem almenningur ber af slíkum lánveitingum er ólíðandi.

#### 2. Innistæðutryggingar

Takmarka ber innistæðutryggingar við sem lægstar fjárhæðir sem mögulegt er. Innistæðutrygging á að vera fjármögnuð af bankakerfinu, en ekki almenningi, því bankakerfið fær ábatan af slíku kerfi og ætti því einnig að bera kostnaðinn. Tillaga að kerfi sem fjármagnar sig sjálft er sú að innistæður hafi forgang við þrot banka, umfram allar aðrar kröfur, upp að segjum t.d. 22.000 evrum. Þá losnar ríkið við innistæðutryggingasjóð, fjárvörslu sem því fylgir, eftirlit og annað sem aflaga getur farið.

EES samningurinn kveður á um að innistæðutryggingakerfi sé til staðar. Slíkt kerfi þarf þó ekki að vera rekið af ríkinu og má vera rekið af einkaaðilum með algjörri lágmarksstarfsemi, en uppfyllir þó milliríkjasamninga.

### 3. Aðskilnaður viðskipta- og fjárfestingabanka

Ábati af samrekstri fjárfestinga og almennrar bankastarfsemi er lítt sjáanlegur. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á því án þess að ábatinn hafi skýrt komið fram. Kostnaðurinn hefur hins vegar sýnt sig geta verið mjög verulegur. Eins ætti að huga að því að eignastýring í samrekstri við viðskipta- eða fjárfestingabanka hefur boðið upp á mikla árekstra hagsmuna.

#### **Niðurlag**

Hið mikla eftirlit í kringum fjármálakerfið kostar fjármuni sem betur væri varið í annað. Kerfisbreytingarnar 3 sem nefndar hafa verið einfalda mjög fjármálakerfið og því þarf ekki að reka jafnt víðtækt og kostnaðarsamt eftirlitskerfi, sem alltaf er skeikult hvort eð er.

Aðalatriðið er þó að með þessum einföldu breytingum er komið í veg fyrir að einkafyrirtæki starfi á ábyrgð almennings í landinu. Í núverandi ástandi, þar sem erlendir aðilar eiga mikinn meirihluta fjármálakerfisins er enn óskiljanlegra hvers vegna íslenskur almenningur gengst í ábyrgð fyrir þá.